

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Norðurkots, Farbraut 21 og 21a.*
Í breytingunni felst að lega lóðanna Farbraut 21 og 21a, í landi Norðurkots, breytist. Stærðir haldast óbreyttar.
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Ásgarðs, Ásabraut 39, 41 og 43.*
Í breytingunni felst að lóðirnar Ásabraut 39, 41 og 43, í landi Ásgarðs, sameinast svo úr verði tvær lóðir. Lóð 41 skiptist í tvennt og sameinast við lóð nr. 39 annars vegar og lóð 43 hins vegar. Eftir sameiningu verður lóð nr. 39, 11.273 m² að stærð og lóð nr. 41 verður 11.002 m² að stærð.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. september 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. september 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2011